



**184. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 7. apríl 2011 kl. 16:00.**

**Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Helga H. Magnúsdóttir, Friðrik Einarsson, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.**

**Forföll: Lárus Blöndal varaforseti, Örn Andrésson, Helgi Sigurðsson og Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður**

**Forseti setti fund og stjórnaði honum. Hann afhenti Jóni Gesti Viggóssyni bronsmerki Lífshlaupsins um leið og hann hvatti aðra stjórnarmenn til að taka virkan þátt í þessu hvatningarverkefni ÍSÍ.**

### **1. Íþróttaping ÍSÍ**

Forseti lýsti yfir ánægju sinni með ársskýrslu ÍSÍ 2011 sem komin er úr prentun. Sagði hana gefa góða yfirsýn yfir fjölbreytt starf ÍSÍ á milli þinga. Hann bað framkvæmdastjóra að koma á framfæri þökkum til starfsfólks fyrir þá miklu vinnu sem það hefur unnið við undirbúning og gerð skýrslunnar. Samþykkt að senda skýrsluna til þingmanna og sveitarstjórna. Farið yfir fyrirkomulag setningar Íþróttapings og helstu þætti í lokaundirbúningi þings.

### **2. Ólympísk verkefni**

*Smáþjóðaleikar Liechtenstein*

Örn Andrésson, Andri Stefánsson og Guðmundur Harðarson eru staddir í Liechtenstein á aðalfararstjórafundum og tæknifundi leikanna.

Forseti skýrði frá fundi sem hann, gjaldkeri og framkvæmdastjóri áttu með fulltrúum Frjálsíþróttasambands Íslands vegna þátttöku í Smáþjóðaleikunum.

*EYOF Trabzon*

Helga H. Magnúsdóttir mun sækja aðalfararstjórafund um miðjan maí. Undirbúningur gengur vel. *London 2012*

Undirbúningur gengur vel. Miðasala á Íslandi mun hefjast í byrjun maí og verður, eins og áður hefur komið fram á vegum Icelandair.

Friðrik Einarsson skýrði frá vel heppnuðu málþingi ÍSÍ með sérsamböndunum um stefnu í afrekssmálum, sem haldið var á vegum Afrekssviðs 16. mars síðastliðinn. Málþingið var afar vel sótt af sérsamböndum ÍSÍ og umræður gagnlegar.

Bókaðar þakkir til Afrekssviðs og starfsfólks ÍSÍ fyrir góðan undirbúning og framkvæmd málþingsins.

### **3. Endurskoðun ársreikninga**

Lagt fram bréf TEG endurskoðunar ehf og skýrsla um endurskoðun ársreiknings ÍSÍ.

### **4. Ólympíufjölskylda ÍSÍ - úthlutun**

Lögð fram tillaga um úthlutun úr Ólympíufjölskyldu ÍSÍ. Tillagan samþykkt.

### **5. Afreksskvennasjóður Glitnirs og ÍSÍ - úthlutun**

Lögð fram tillaga um úthlutun úr Afreksskvennasjóði Glitnirs og ÍSÍ. Tillagan samþykkt.

## 6. Heiðranir

Samþykkt að leggja til við Íþróttáþing að kjósa Hörð Gunnarsson glímudómara og Pál Aðalsteinsson íþróttaforystumann úr Mosfellsbæ sem Heiðursfélaga ÍSÍ á Íþróttáþingi ÍSÍ.

Samþykkt að heiðra eftirtalda einstaklinga á Íþróttáþingi ÍSÍ:

Jens Kristmannsson, íþróttaforystumaður á Ísafirði – Heiðurskross ÍSÍ

Margrét Bjarnadóttir, fyrrverandi formaður FSÍ og fyrrverandi stjórnarmaður ÓÍ – Heiðurskross ÍSÍ

Guðmundur Gíslason, formaður Samtaka íslenskra ólympíufara – Gullmerki ÍSÍ

## 7. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 183. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráðs frá 17. mars og 24. mars
- 58. fundur Almenningsíþróttasviðs frá 31. mars ásamt minnisblöðum ýmissa undirnefnda
- Minnisblað frá ráðstefnu WADA í Lausanne 22.-23. mars sl.

## 8. Viðburðir framundan

Farið yfir þing og viðburði sem framundan eru, bæði fram að næsta fundi og til lengri tíma litið.

## 9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Fyrsti fundur nýrrar framkvæmdastjórnar er áætlaður í hádeginu 12. apríl.

Næsti fundur þar á eftir er áætlaður 19. maí kl. 16:00.

## 10. Önnur mál

*Bréf Samtaka '78*

Tekið fyrir bréf Samtaka '78 þar sem borin er fram kvörtun á hegðun áhorfenda Skautafélags Akureyrar á íshökkileik milli SA og SR. Samþykkt að senda bréfið áfram til Íshökkísambands Íslands til skoðunar. Framkvæmdastjórn ÍSÍ lítur atvik sem þessi alvarlegum augum og væntir þess að viðkomandi sérsamband og félög taki málið föstum tókum. Skrifstofu falið að óska eftir greinargerð frá Íshökkísambandinu varðandi atvikið og viðbrögð við því.

*Siðareglur ÍSÍ*

Lögð fram drög að siðareglum ÍSÍ og hegðunarviðmiðum, sem vinnuhópur ÍSÍ um siðareglur vann fyrir íþróttahreyfinguna. Málinu frestað.

*Samningur við Flugfélag Íslands*

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að búið væri að undirrita samning við Flugfélag Íslands um innanlandsfargjöld næstu 12 mánuði.

Hækkun á milli ára er 5% og felst í sköttum ríkisins. Flugfélag Íslands leggur ekki sína hækkun á ÍSÍ-fargjöld þrátt fyrir hækkun fargjalda almennt.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari